



Áfallaáætlun Lindaskóla

Skilgreining á áföllum

Áfall er atburður sem ætla má að vekji kvíða, ótta, sorg eða streitu hjá einstaklingi. Alvarleg áföll í nemendahópnum, aðstandendum þeirra eða starfsfólks geta verið af völdum:

- Andláts nemanda
- Langvarandi eða alvarlegra veikinda
- Slys sem valda líkamstjóni
- Náttúruhamfarir
- Kynferðisleg misnotkun
- Ofbeldi
- Annars sem skv. mati áfallaráðs veldur áfalli

Nemendaverndaráð fer með hlutverk áfallaráðs Lindaskóla

Guðrún G. Halldórsdóttir, skólastjóri

Hilmar Björgvinsson, aðstoðarskólastjóri

Margrét Ármann, deildarstjóri

Inga Birna Eiríksdóttir, sérkennari

Þórhalla Gunnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi

Þorgerður Einarsdóttir, hjúkrunarfræðingur



Hlutverk áfallaráðs

Í áfallaráðinu er sérvalinn hópur starfsfólks innan skólans. Hópurinn er ávallt í viðbragðsstöðu ef upp kemur áfall í skólanum. Ráðið vinnur eftir áfallaáætlun Lindaskóla þar sem fjallað er um vinnuferli til að styðjast við þegar áföll verða.

- Áfallaráð hefur verkstjórn við válega atburði.
- Áfallaráð skal funda eins fljótt og auðið er ef áfall hefur orðið, óháð dagsetningu og tíma.
- Áfallaráð útbýr vinnuáætlanir um hlutverkaskipan hverju sinni, í hvaða röð og hvernig bregðast skuli við í hverju tilviki fyrir sig.
- Áfallaráð skal sjá til þess að kennarar fá stuðning og hjálp.
- Mikilvægt er að huga að óskum þeirra fjölskyldna sem hlut eiga að máli hverju sinni.
- Áfallaráð skal sjá til þess að allt starfsfólk fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum.

Fyrstu viðbrögð vegna áfalls

- Upplýsingar um áföll berist til skólastjóra.
- Skólastjóri leitar staðfestingar hjá viðkomandi eða aðstandendum.
- Skólastjóri leitar heimildar hjá viðkomandi eða aðstandendum hans um að fjallað verði um málið í skólanum. Bera þarf allar aðgerðir skólans undir foreldra til samþykkis, eða hafa þá með í ráðum frá upphafi.
- Áfallaráð kemur saman.
- Segir frá hvað gerðist og hugsanleg áhrif á nemendahópa
- Hverjum tengist viðkomandi, t.d. systkini, vinir, vinahópar, s.s. félagsstarf, íþróttafélag, skátar, of.l.
- Hvernig er best að svara spurningum frá nemendum og foreldrum t.d. slys, sjálfsvíg, alvarleg veikindi eða annað.
- Hvernig er best að haga skólastarfinu það sem eftir er skóladags og næstu daga. (t.d. að bjóða uppá umræður og gefa fólki kost á að tjá sig.)



Skólanámskrá Lindaskóla
Almennur hluti

- Koma upp athvarfi þar sem hægt er að vera í fámenni, t.d. hjá náms- og starfsráðgjafa og hjúkrunarfræðingi.
- Hvaða hjálp fáum við utan skólans, t.d. prestur, sálfræðingur o.fl.
- Hverjir svara fólki utan skólans.
- Ákveða annan fund og yfirfara stöðuna.